

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Eftirtaldar göngupveranir verði merktar sem gangbrautir.
  - a. Yfir Arnarhlíð, beggja vegna Smyrilshlíðar.
  - b. Yfir Arnarhlíð, sunnan Valshlíðar.
  - c. Yfir Bergþórugötu, vestan Vitastígs.
  - d. Yfir Borgartún móts við hús nr. 20, 22, 26 og 28.
  - e. Yfir Bryggjugötu við Geirsgötu.
  - f. Yfir Efstasund sunnan við hús nr. 84.
  - g. Yfir Hverfisgötu vestan Barónsstígs.
  - h. Yfir Hverfisgötu vestan Frakkastígs.
  - i. Yfir Katrínartún sunnan hringtorgs við Borgartún.
  - j. Yfir Katrínartún til norðurs, norðan Laugavegar.
  - k. Yfir Njarðargötu, vestan Eiríksgötu.
  - l. Yfir Reykjahlíð við Eskihlíð.
  - m. Yfir Reykjaveg sunnan Hofteigs.
  - n. Yfir Rökkvatjörn við Skyggnisbraut.
  - o. Yfir Skipasund sunnan við hús nr. 76.
  - p. Yfir Skyggnisbraut báðum megin Jarpstjarnar.
  - q. Yfir Skyggnisbraut báðum megin Rökkvatjarnar.
  - r. Yfir Smárarima sunnan leiðar að húsum nr. 24-38.
  - s. Yfir Tryggvagötu vestan Grófarinnar.
  - t. Yfir Urðarbrunn við Skyggnisbraut.
  - u. Yfir Valshlíð, austan Haukahlíðar.
  - v. Yfir Valshlíð, beggja vegna Arnarhlíðar.
  - w. Yfir Ægisgötu sunnan Ránargötu.
2. Hámarkshraði á eftirtöldum götum verði 30 km/klst.:
  - a. Engjateigur.
  - b. Gæfutjörn.
  - c. Hallgerðargata.
  - d. Jarpstjörn.
  - e. Lokinhamrar.
  - f. Reykjavegur milli Sigtúns og Kirkjuteigs.
  - g. Rökkvatjörn.
  - h. Silfratjörn.
  - i. Skyggnisbraut frá Skyggnistorgi að Úlfarsfellsvegi.
  - j. Sundlaugavegur milli Laugalækjar og Laugarásvegar.
3. Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða verði afmörkuð í eftirtöldum götum:
  - a. Bergstaðastræti við hús nr. 5.
  - b. Bergstaðastræti við Laugaveg 12.
  - c. Fálkahlíð, norðan Nauthólsvegar.
  - d. Frakkastíg, við austari brún, móts við Laugaveg 44.
  - e. Haukahlíð, norðan Nauthólsvegar.
  - f. Skólavörðustíg við hús nr. 12.
  - g. Smyrilshlíð, vestan Arnarhlíðar.
  - h. Smyrilshlíð, vestan Fálkahlíðar.
  - i. Smyrilshlíð, vestan Haukahlíðar.
  - j. Tryggvagötu, vestan við Naustin.

- k. Tvö stæði austast í hliðargötu Hallgerðargötu, milli húsa nr. 1 og 19.
  - l. Tvö stæði í Tryggvagötu, vestan Pósthússtrætis.
  - m. Valshlíð, vestan Arnarhlíðar.
  - n. Valshlíð, vestan Fálkahlíðar.
  - o. Valshlíð, vestan Haukahlíðar.
4. Að merkt verði stæði til vörulosunar í Tryggvagötu austan við Naustin.
  5. Heimilt verði að leggja ökutæki vinstra megin við akstursstefnu Arnarhlíðar, í miðeyju.
  6. Stöðvun og lagning ökutækja, annarra en strætó og ökutækja vegna sorplosunar, verði óheimil í Nauthólsvegi til vesturs í 40 m vestan Arnarhlíðar.
  7. Umferð á Nauthólsvegi hafi forgang gagnvart umferð á eftirtöldum götum og að forgangur verði gefinn til kynna með biðskyldu:
    - a. Arnarhlíð.
    - b. Fálkahlíð.
    - c. Haukahlíð.
    - d. Valshlíð.
  8. Umferð á eftirfarandi götum víki fyrir umferð á Skyggisbraut og að forgangur verði gefinn til kynna með biðskyldu:
    - a. Friggjarbrunnur.
    - b. Jarpstjörn.
    - c. Rökkvatjörn.
    - d. Urðarbrunnur.
  9. Umferð á Geirsgötu hafi forgang gagnvart umferð sem kemur frá Bryggjugötu og að forgangur verði gefinn til kynna með biðskyldu.
  10. Umferð á hliðargötum Hallgerðargötu víki fyrir umferð á Hallgerðargötu og umferð á Hallgerðargötu víki fyrir umferð á Borgartúni og Kirkjusandi. Forgangur verði gefinn til kynna með biðskyldu.
  11. Tryggvagata verði einstefna til vesturs frá Naustinni að Grófinni.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Akvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 7. júlí 2020.*

**Glóey Helgudóttir Finnsdóttir** skrifstofustjóri.